

Nr. 78/1995. Miðvikudaginn 24. maí 1995.
Ákærvaldið
 (Björn Helgason saksóknari)
 gegn
Jóhönnu Rut Birgisdóttur
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærða óskaði áfrýjunar á máli þessu til lækkunar á refsingu. Áfrýjunarstefna var gefin út 2. mars 1995. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á refsíákvörðun héraðsdómara.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. júlí 1994 var dæmt um rof ákærðu á skilorðsbundnum hluta refsíðóms frá 8. nóvember 1991, og kemur hann því eigi til endurskoðunar við ákvörðun refsingar í máli þessu. Með hliðsjón af umfangi brota ákærðu og ítrekunaráhrifum hins síðargreinda refsíðóms, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verður ákvörðun héraðsdómara um refsingu ákærðu staðfest.

Málinu var ekki áfrýjað um skaðabætur úr hendi ákærðu, og er niðurstaða um þær ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 7. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 984/1994: Ákærvaldið gegn Jóhönnu Rut Birgisdóttur, sem tekið var til dóms 19. janúar sl.

A.

Með ákæru, dagsettri 20. desember sl., höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur „Jóhönnu Rut Birgisdóttur, Ástúni 14, Kópavogi, fæddri 14. júní 1970, fæðingarnúmer 510, fyrir eftirgreind þjófnaðar- og skjalafalsbrot, framin árið 1994:

I.

Þjófnaður.

Föstudaginn 8. apríl laust fyrir kl. 16.00 stolið silfurhring, að verðmæti 8.400 kr., í skartgripaversluninni Gullsmiðju Ófeigs, Skólavörðustíg 5, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Þjófnaður.

Föstudaginn 13. maí fyrir hádegi brotist inn í einbýlishúsið Laugarásveg 6, Reykjavík, og stolið þar 31 armband, 183 eyrnalokkum, 13 hálsfestum, 11 nælum, 7 skyrtuhnöppum, 11 armbandsúrurum, 12 hringum, handtösku, Sanyo-myndbandstæki, geislaspilara, tösku, skartgripaskríni og koníaksflösku.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þjófnaður.

Þriðjudaginn 5. júlí um kl. 12.30 í versluninni Emblu, Strandgötu 28, Hafnarfirði, stolið rauðri tösku frá Sparisjóði Hafnarfjarðar, seðlaveski og snyrtibuddu úr svartri handtösku í kaffistofu verslunarinnar. Í munum þessum voru 115 greiðslunótur frá Visa og Euro, að fjárhæð 443.580 kr., Eurocard-greiðslukort, bankakort og tékkhefti frá Sparisjóði Hafnarfjarðar, nokkrir tékkar, persónuskilríki og 78.000 kr. í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Skjalafals.

Föstudaginn 8. júlí notað í viðskiptum eftirtalda 4 tékka til handhafa, sem ákærða stal samkvæmt ákærulið III.

1. Tékki nr. 9716840 frá Íslandsbanka hf., Austurvegi 4, Selfossi, á reikning nr. 765, út gefinn 4. 7. '94 af Sigrúnu L. Hafsteinsdóttur. Ákærða breytti fjárhæð tékkans í tölustöfum og bókstöfum úr 3.000 kr. í 13.000 kr.

2. Tékki nr. 7635772 frá Íslandsbanka hf., Hafnarfirði, á reikning nr. 110358, út gefinn 4. 7. '94 af Sigurborgu Eyjólfsdóttur. Ákærða breytti fjárhæð tékkans í tölustöfum og bókstöfum úr 2.000 kr. í 12.000 kr.

Ákærða framseldi báða tékkana og framvísaði þeim í Íslandsbanka, Smiðjuvegi 1, Kópavogi, en tókst ekki að selja þá.

3. Tékki nr. 3325431 frá Sparisjóði Hafnarfjarðar á reikning nr. 10921, út gefinn 4. 7. '94 af Unni L. Bryde. Ákærða breytti fjárhæð tékkans í tölustöfum og bókstöfum úr 3.000 kr. í 30.000 kr., framseldi tékkann og seldi hann í Sparisjóði Kópavogs, Austurbæ.

4. Tékki nr. 5574733 frá Sparisjóði Hafnarfjarðar á reikning nr. 7014, út gefinn 4. 7. '94 af Guðrúnu Guðmundsdóttur. Ákærða breytti fjárhæð tékkans í tölustöfum og bókstöfum úr 5.000 kr. í 15.000 kr., framseldi tékkann og seldi hann í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Álfabakka 14, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Skjalafals.

Föstudaginn 9. september um kl. 17.30 framvísað tékka nr. 1694680 frá Landsbanka Íslands, Höfðabakkaútibúi, á tékkareikning nr. 303, að fjárhæð 15.000 kr., stíluðum á Pallhús sf., út gefnum 10. 8. '94 af Kjartani Guðjónssyni. Á tékkann falsaði ákærða nafn Guðbjargar I. Guðjónsdóttur, kt. 120272-5009, sem framseljanda, en tékkanum stal ákærða í innbroti í Bifreiðabyggingar, Ármúla 34, Reykjavík, nóttina áður.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar“.

Ákærða hefur viðurkennt brot sitt. Er málið því dæmt samkvæmt skýlausri játningu hennar, sbr. 125. gr. laga nr. 19/1991, og vísast um málavaxtalýsingu til ákæru, sem rakin er hér að framan.

B.

Með ákæru, dagsettri 3. janúar sl., höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur ákærðu „fyrir skjalafals og fjársvik með því að hafa 1. febrúar 1994 stofnað sparireikning nr. 77683 á nafni Önnu Friðriku Guðjónsdóttur, kt. 260765-4349, í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, með því að framvísa eyðublaði bankans um stofnun sparireiknings og innborgunarseðli, að

fjárhæð 1.500 kr., en ákærða falsaði nafn Önnu Friðriku Guðjónsdóttur á bæði skjölin. Ákærða hringdi samdægurs í Íslandsbanka hf., Vestmannaeyjum, og óskaði eftir millifærslu á 45.000 kr. af tékkareikningi Önnu Friðriku nr. 0582-26-2811 við Íslandsbanka inn á nefndan reikning nr. 77683 í Búnaðarbanka Íslands. Síðar sama dag tók ákærða 45.000 kr. út af nefndum reikningi í Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, með því að framvísa útborgunarsedli, sem ákærða hafði falsað á nafn Önnu F. Guðjónsdóttur sem reikningseiganda af (?) stafina A.F.G. sem nafn þess, sem tekur út.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar.

Íslandsbanki hf., Vestmannaeyjum, gerir þá kröfu í málinu, að ákærða verði dæmd til að greiða bankanum 45.000 kr.“.

Ákærða hefur neitað sakargiftum og krafist sýknu af þessari ákæru.

Gegn neitun ákærðu þykir ekki komin fram lögfull sönnun um sekt hennar að þessari ákæru, og verður hún því sýknuð af broti því, sem henni er gefið að sök í ákærunni. Skv. 3. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að vísa bótakröfu Íslandsbanka hf., Vestmannaeyjum, frá dómi.

C.

Ákærða var dæmd fyrir skjalafals 7. nóvember 1989, en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 3 ár. 30. nóvember 1989 var hún dæmd í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir skjalafals og þjófnað og dómurinn frá 7. nóvember dæmdur með. 22. október 1990 var ákærða dæmd í 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár, fyrir skjalafals, og var dómurinn frá 30. nóvember dæmdur með. 16. september 1991 var ákærða dæmd í 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir skjalafals og dómurinn frá 22. október 1990 dæmdur með. 8. nóvember 1991 var ákærða dæmd í 9 mánaða fangelsi, þar af 6 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár, fyrir fjársvik og dómur frá 16. september 1991 dæmdur með. Nú síðast var ákærða dæmd í 12 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik 21. júlí 1994. Í öllum framangreindum tilvikum var um hegningarauka að ræða nema í dóminum 22. október 1990.

Svo sem að framan greinir, er einungis sakfellt fyrir brot þau, sem ákært er fyrir í ákæru, dagsettri 20. desember 1994.

Brot ákærðu eru ítrekun á fyrri auðgunarbrotum og innbrotið að Laugarásvegi 6 stórfellt. Þá rauf ákærða skilorð dóms frá 8. nóvember 1991 með brotum sínum skv. I.–IV. liðar ákæru.

Refsing ákærðu ákveðst með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig 78. gr. sömu laga, hvað ákæruliði I.–IV. varðar.

Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en til frá-

dráttar kemur gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 10. september 1994 til 25. október s. á. með fullri dagatölu.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Gæsluvarðhald ákærðu frá 10. september 1994 til 25. október s. á. komi til frádráttar refsivist með fullri dagatölu.

Ákærða greiði 35.000 krónur í málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl.

Ákærða greiði Auði Árnadóttur 82.800 krónur í skaðabætur. Ákærða greiði Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 15.000 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 8. júlí 1994 til greiðsludags.

Skaðabótakröfu Ingiríðar Oddsdóttur er vísað frá dómi.

Skaðabótakröfu Íslandsbanka hf., Vestmannaeyjum, er vísað frá dómi.
